

141
15. okt.

AUGLÝSING

um breyting á Lyfsöluskrá I frá 1. jan. 1956.

Frá og með 15. október 1958 hækkar verð lyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956, sbr. auglýsingu nr. 142 frá 22. desember 1955 og breytingum á þeirri lyfsöluskrá, sem gengu í gildi 1. febrúar 1958, um 25%.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. október 1958.

F. h. r.

E. u.

Baldur Möller.

142
15. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 13.65 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.25 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 auru hver kwst. auk fastagjalds kr. 10.50 á mánuði af einu herbergi hveirrar íbúðar og kr. 6.50 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 fermetrar, skal telja sem hálf, en stærra en 25 fermetra sem tvö.

C. Vélantökn.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 325.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw. um kwst.mæli á 70 auru hver kwst.
 - a. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.

- b. Að notandi setji upp segulrofa og klukku fyrir vélarnar og kosti viðhald þeirra. **142**
15. okt.
3. Um afl- og orkumæli þannig:
- Grunngjald kr. 600.00 á ári.
 - Aflgjald af notuðu aflri kr. 800.00 á kw.ári.
 - Orkugjald 30 aura á kwst.

Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu, mælt yfir stundarfjórðung. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, skal aflgjaldið vera kr. 600.00 á ári á hvert kw. mesta ástimplaðs afls á árinu. Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 21 eyri hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
- Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., ef straumur er rofinn kl. 8 til 23.
- Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
 - Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.50 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 10.50 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera kr. 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10% (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00, en 5% af þeim hluta brunabótamats, sem er yfir kr. 500000.00.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að 12 mánuðum.

Heimtaugargjaldið fellur í gjaldþaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

142 Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri
 15. okt. en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en $3 \times 70 \text{ m}^2$, skal húseigandi greiða að
 fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað
 við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 króna gjald til rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur, nr. 85 9. júlí 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

143
 21. okt.

REGLUGERÐ

um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

Á laun fyrir yfirvinnu skal greitt 50—100% álag. Yfirvinnukaup skal ákveða með hliðsjón af föstum launum starfsmannsins, miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma.

Yfirvinnutaxtar skulu vera sem hér segir:

Starfsmenn er taka

laun samkvæmt	VII. launafl.	kr. 21.00	á klst. auk álags og verðlagsuppb.
—	VIII. —	19.67	— — — — —
—	IX. —	18.33	— — — — —
—	X. —	17.17	— — — — —
—	XI. —	15.83	— — — — —